

16
4. júní

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1923.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1923, eru veittar 46306,05 kr. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 1636,85 kr.

1. Til raflagnar í sóttvarnarhúsið á Akureyri	kr.	411,85
2. Til Guðm. Björnsonar landlæknis, upp í kostnað við för til Stokkhólms 1920	—	1225,00

Samtals kr. 1636,85

3. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 30404,49 kr.

1. Kennari Sigurbj. Á. Gíslason, launabót 1922 og 1923	kr.	3000,00
2. Kennari Guðm. Kristjánsson, launabót 1922 og 1923	—	3000,00
3. Höfuðaðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	—	130,06
4. Til raflagningar í Hvanneyrarskóla	—	4729,52
5. Til raflagningar í Háskólann	—	1401,75
6. Til að mála Þykkvabæjarkl. og Langholtskirkjur	—	923,25
7. Til raflagningar í Kennaraskólann	—	1201,50
8. Til raflagningar o. fl. í Kirkjustræti 12	—	2128,06
9. Til raflagningar í dómkirkjuna í Reykjavík	—	4539,49
10. Til Guðm. Thoroddsen læknis: Kensla í lagalegri læknisfræði við Háskólann	—	500,00
11. Til Jóns H. Sigurðssonar, hjeraðsl.: Fyrir aukakenslu við læknadeild Háskólans	—	1500,00
12. Til viðgerðar skólahússins á Hólum	—	1797,11
13. Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	—	5553,75

Samtals kr. 30404 49

4. gr.

16

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (til verklegra fyrirtækja) eru 4. júní veittar 14264,71 kr.

1. Til búnaðarfjelagsforseta Sig. Sigurðssonar: Ferðakostnaður til Noregs	kr.	2000,00
2. Til sjóvarnargarðs á Siglufirði (til viðgerðar)	—	584,60
3. Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins	—	5780,11
4. Til Ásgeirs Ólafssonar, til dýralækninganáms	—	400,00
5. Til húsabóta á Hallormsstað 1921	—	5500,00

Samtals kr. 14264,71

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.

L Ö G

um

17

4. júní

stýrimannaskólann í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I.

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til að standast stýrimannapróf, hið minna (fiskimannapróf) og hið meira (farmannapróf).